# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 340. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 17. desember 2020 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar** **kl. 12:00**.

**Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:**

1) Fundargerð 144. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 16. desember 2020. Lagt fram á fundinum.
2) Fundargerð 189. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 8. desember 2020.
3) Fundargerð 892. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 11. desember 2020.
4) Skýrsla starfshóps um stöðu og framtíð úrgangsmála á Vesturlandi.
5) Bréf frá SSV, dags. 13. desember 2020, varðandi mögulega aðild Kjósahrepps að Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.
6) Bréf frá Breiðafjarðarnefnd, dags. 23. nóvember 2020, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um samantekt og niðurstöður Breiðafjarðarnefndar um framtíð Breiðafjarðar. Frestað frá síðasta fundi.
7) Félagsmiðstöð unglinga í Snæfellsbæ. Niðurstöður vettvangsferðar.
8) Vinnutímatillaga Grunnskóla Snæfellsbæjar vegna styttingar vinnuvikunnar.
9) Vinnutímatillaga Ráðhúss Snæfellsbæjar vegna styttingar vinnuvikunnar.
10) Minnispunktar bæjarstjóra.

**Snæfellsbæ, 15. desember 2020**
**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**

**Fundargerð 189. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga** ***Opinber útgáfa!***

***Fundarstaður;*** Fundarstaður: „Teams-fjarfundarbúnaður"
***Dagsetning;*** þriðjudagur 8. desember 2020 kl. 16.30

***Mættir:*** *Eygló Bára Jónsdóttir, Sigrún Þórðardóttir, Guðrún Kristinsdóttir, Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir, Birta Antonsdóttir, formaður og Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS.*

**Dagskrá:** **Meðferð máls**

**1.** Birta Antonsdóttir, formaður, setur fund og stýrir.

**2. Málefni , skv. lögum um barnavernd** *kynning – umræða – afgreiðsla*

*...(fært í trúnaðarbók félagsmálanefndar)*

**3. Málefni, skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga** *kynning – umræða – afgreiðsla*

*...( fært í trúnaðarbók félagsmálanefndar)*

**4. Málefni , skv. lögum og reglugerð um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla**

*kynning – umræða – afgreiðsla*

a) 1 umsókn barst um auglýsta stöðu náms- og starfsráðgjafa

**5. Önnur mál** *kynning – umræða*

a) Forstöðumaður og starfsfólk FSS óska félagsmálanefndarfólki gleðiríkra jóla- og nýárshátíðar með þökkum fyrir gott samstarf á árinu sem er að líða.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 17.50

Fundarritari: Sveinn Þór Elinbergsson

# Fundargerð 892. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2020, föstudaginn 11. desember kl. 13:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Haraldur Sverrisson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Gunnar Einarsson boðaði forföll, varamaður hans Haraldur Sverrisson mætti í hans stað. Bjarni Jónsson boðaði forföll, varamaður hans Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir mætti í hans stað.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Fundargerð 891. fundar - 2009100SA**

   Lögð fram til staðfestingar fundargerð 891. fundar stjórnar sambandsins frá 20. nóvember 2020.

   *Fundargerðin samþykkt og verður undirrituð á næsta stjórnarfundi sem verður haldinn í húsnæði sambandsins.*

2. **Félagsþjónustunefnd sambandsins - 2009307SA**

   Lögð fram fundargerð 52. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 9. desember 2020.

   *Stjórn sambandsins lýsir yfir miklum áhyggjum vegna stöðu NPA-verkefnisins og kallar eftir því að markviss vinna við lausn álitaefna hefjist án tafar. Stjórnin áréttar að sveitarfélögin hafa innleitt þjónustuformið af metnaði og telja NPA mikilvægan valkost. Forgangsmál er á þessu stigi að fjármögnun þjónustunnar verði tryggð á næsta ári. Ef áfram á að vinna að innleiðingu er nauðsynlegt að gagnger breyting verði á þeim römmum sem ríkið setur um fjármögnun og skipulag verkefnisins.*

Jón Björn Hákonarson kom inn á fundinn kl. 13:18.

3. **Vinnufundur stjórnar sambandsins um úrgangsmál - 2009100SA**

   Lögð fram til kynningar fundargerð vinnufundar stjórnar sambandsins um úrgangsmál frá 4. desember 2020.

4. **Endurskipun í kjaramálanefnd sambandsins - 2009623SA**

Endurskipun í kjaramálanefnd sambandsins.

*Samþykkt að tilnefna Lóu Birnu Birgisdóttur, sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs Reykjavíkurborgar í stað Ragnhildar Ísaksdóttur, sem látið hefur af störfum hjá Reykjavíkurborg.*

5. **Þjónustukönnun sambandsins - 2009404SA**

Lagðar fram niðurstöður í þjónustukönnun Sambands íslenskra sveitarfélaga. Framkvæmdastjóri sagði að stjórnendur hjá sambandinu væru að rýna vel niðurstöður könnunarinnar með það að leiðarljósi að bregðast við ýmsum uppbyggilegum ábendingum til að bæta starfsemina eins og kostur er. Kemur það m.a. fram í tillögu að starfsáætlun sambandsins fyrir árið 2021.

*Stjórnin lýsir ánægju með að heildarniðurstöður könnunarinnar eru mjög jákvæðar í garð sambandsins þó alltaf megi bæta og þróa starfsemina á jákvæðan hátt. Stjórn sambandsins leggur áherslu á að þjónustukönnun verði framvegis framkvæmd með reglulegri hætti en verið hefur.*

6. **Mat á árangri á starfsáætlun sambandsins 2020 - 2009392SA**

Lagt fram mat á árangri á starfsáætlun sambandsins fyrir árið 2020. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu þætti matsins.

*Stjórnin þakkar fyrir greinargott mat á árangri og framfylgd starfsáætlunar ársins 2020. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður á tímum Covid-19 hefur tekist að halda uppi öflugri starfsemi og er sérstök ástæða til að þakka markvissa upplýsingagjöf til sveitarfélaga. Hvetur stjórnin til þess að áfram verði haldið á sömu braut á næsta ári.*

7. **Drög að starfsáætlun sambandsins 2021 - 2011018SA**

Lögð fram drög að starfsáætlun sambandsins fyrir árið 2021. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu þætti áætlunarinnar.

*Stjórnin samþykkir fyrirliggjandi drög að starfsáætlun sambandsins ársins 2021 með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum. Ákveðið að taka starfsáætlun stjórnar aftur til afgreiðslu á næsta stjórnarfundi.*

8. **Tillaga til landsþings sambandsins 2020 - 2009390SA**

Lögð fram tillaga til landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 2020, dags. 3. desember 2020, sem hefur verið send til stjórnar. Rætt ítarlega um tillöguna meðal stjórnarmanna.

*Ákveðið að boða til aukafundar stjórnar miðvikudaginn 16. desember nk. til undirbúnings landsþingi.*

Halldóra Lóa Þórhallsdóttir vék að fundi kl. 14:55.

**9. Breytingar á samþykktum Brúar lífeyrissjóðs - 2009577SA**

Lagt fram bréf Brúar lífeyrissjóðs, dags. 9. desember 2020, þar sem óskað er eftir samþykki stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga á breytingum á samþykktum sjóðsins, ásamt fylgiskjölum.

*Stjórn samþykkir þær breytingar sem kynntar hafa verið á samþykktum Brúar lífeyrissjóðs.*

**10. Krafa frá Reykjavíkurborg um greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga -2009370SA**

Lagt fram bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 19. nóvember 2020, um kröfu Reykjavíkurborgar um greiðslu framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, ásamt fylgiskjölum. Bréfið var kynnt í upphafi síðasta fundar stjórnar en ekki tekið formlega á dagskrá. Einnig lögð fram bókun stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, frá 1. desember 2020, og bókun bæjarráðs Hveragerðisbæjar frá 3. desember 2020, um málið. Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga harmar þá stöðu sem komin er upp í samskiptum Reykjavíkurborgar og ríkisins vegna kröfu borgarinnar um að fá um 8,7 ma.kr. fjárframlag frá ríkinu þar sem að mati borgarinnar sé ekki lagastoð fyrir hluta af skerðingum á framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til borgarinnar.*

*Stjórn sambandsins leggst alfarið gegn því að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga verði fyrir fjárhagslegum skaða vegna þessa máls og kallar stjórnin eftir formlegum yfirlýsingum þess efnis frá málsaðilum.*

Ásgerður K. Gylfadóttir vék af fundi kl. 15:20.

**11. Ný drög að viljayfirlýsingu um tilfærslu á verkefnum Innheimtustofnunar sveitarfélaga til Tryggingastofnunar ríkisins - 2009213SA**

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 9. desember 2020, um ný drög að viljayfirlýsingu um tilfærslu á verkefnum Innheimtustofnunar sveitarfélaga til Tryggingastofnunar ríkisins, ásamt fylgiskjölum.

*Samþykkt umboð til formanns og framkvæmdastjóra sambandsins að undirrita yfirlýsingu í samræmi við fyrirliggjandi drög.*

**12. Kjarasamningur - 2009114SA**

Lagt fram til staðfestingar samkomulag milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Kennarasambands Íslands vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, dags. 9. desember 2020, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila, ásamt kynningu á samningnum.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða kjarasamning við stjórnendur í tónlistarskólum.*

## 13. Lokaskýrsla um tilraunaverkefni um sérstakan húsnæðisstuðning - 2009218SA

Lögð fram lokaskýrsla Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um tilraunaverkefni um sérstakan húsnæðisstuðning, dags. í nóvember 2020.

*Stjórn sambandsins samþykkir að þær tillögur sem fram koma í skýrslunni verði kynntar fyrir sveitarstjórnum og stjórnendum í velferðarþjónustu til að fá afstöðu þeirra um eitt opinbert stuðningskerfi við leigjendur.*

## 14. Tillögur Velferðarvaktarinnar til ríkis og sveitarfélaga í mótvægisaðgerðum vegna COVID-19 - 2009357SA

Lagt fram bréf Velferðarvaktarinnar, dags. 7. desember 2020, um tillögur til stjórnvalda, bæði ríkis og sveitarfélaga, í mótvægisaðgerðum vegna COVID-19 faraldursins.

*Stjórnin samþykkir að béfið verði sent sveitarfélögum til kynningar.*

## 15. Endurtilnefning í loftslagsráð - 2011053SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 25. nóvember 2020, þar sem Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps, er tilnefndur í loftslagsráð.

## 16. Tilnefning í starfshóp um eflingu kynfræðslu í grunn- og framhaldsskólum - 2011059SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 8. desember 2020, þar sem Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnisstjóri Jafnréttisskóla Reykjavíkur, er tilnefnd sem aðalmaður í starfshóp um eflingu kynfræðslu í grunn- og framhaldsskólum, og Þórður Kristjánsson, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

## 17. Tilnefning í nefnd um heildarendurskoðun laga nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum - 2011040SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 8. desember 2020, þar sem Lóa Birna Birgisdóttir, sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs Reykjavíkurborgar, og Sigurður Á. Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins, eru tilnefnd í nefnd félags- og barnamálaráðherra um heildarendurskoðun laga nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

## 18. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur - fjármagnstekjuskattur - 2011048SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 22. nóvember 2020, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (fjármagnstekjuskattur), mál nr. S-251/2020.

19. **Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á hafnalögum - 2009439SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 23. nóvember 2020, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003, mál nr. S-242/2020.

20. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um flóðavarnir á landi - 2011036SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 24. nóvember 2020, um tillögu til þingsályktunar um flóðavarnir á landi, 147. mál.

21. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006 - tekjutengdar bætur - 2011052SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 25. nóvember 2020, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006 (tekjutengdar bætur), 300. mál.

22. **Umsögn um drög að frumvarpi til laga um stefnumarkandi áætlanir á sviði samgöngu-, fjarskipta-, og byggðamála - 2011046SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 28. nóvember 2020, um drög að frumvarpi til laga um stefnumarkandi áætlanir á sviði samgöngu-, fjarskipta-, og byggðamála, mál nr. S-248/2020.

23. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013 - málsmeðferð o.fl. - 2011028SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 30. nóvember 2020, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013 (málsmeðferð o.fl.), 276. mál.

24. **Umsögn um frumvarp um breytingu á skipulagslögum - raflínuskipulag - 2009205SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 1. desember 2020, um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum (raflínuskipulag), 275. mál.

25. **Umsögn um frumvarp til laga um skatta og gjöld - tryggingagjald o.fl. - 2011047SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 2. desember 2020, um frumvarp til laga um skatta og gjöld (tryggingagjald o.fl.), 314. mál.

26. **Umsögn um frumvarp til laga um fiskeldi - vannýttur lífmassi í fiskeldi - 2012003SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 2. desember 2020, um frumvarp til laga um fiskeldi (vannýttur lífmassi í fiskeldi), 265. mál.

27. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 77-2019 - umframlosunargjald og einföldun regluverks - 2012007SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 3. desember 2020, um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 77/2019 (umframlosunargjald og einföldun regluverks), 280. mál.

28. **Umsögn um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof - 2011056SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 6. desember 2020, um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 323. mál, ásamt fylgiskjali.

29. **Umsögn um drög að frumvarpi til laga um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda - 2012013SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 7. desember 2020, um drög að frumvarpi til laga um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda.

30. **Umsögn um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands - 2011012SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis, dags. 7. desember 2020, um frumvarp til stjórnskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 26. mál.

31. **Lífeyrismál fyrir fund Þjóðhagsráðs - 2009672SA**

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs, framkvæmdastjóra og hagfræðings á kjarasviði sambandsins, dags. 29. nóvember 2020, um lífeyrismál fyrir fund Þjóðhagsráðs 2. desember 2020.

32. **Stytting vinnuvikunnar - hver er samningsaðili leikskólabarna? - 2012002SA**

Lagt fram til kynningar opið bréf Bryndísar Baldvinsdóttur, Sigrúnar Huldu Jónsdóttur og Sóleyjar Gyðu Jörundsdóttur, leikskólastjórnenda til Ásmundar Einars Daðasonar, félags- og barnamálaráðherra og Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, um styttingu vinnuvikunnar - hver er samningsaðili leikskólabarna?

33. **Ráðstefnumat fjármálaráðstefnu 2020 - 2009150SA**

Lagt fram til kynningar minnisblað sérfræðings á hag- og upplýsingasviði sambandsins, dags. 7. desember 2020, um niðurstöður ráðstefnumats fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2020.

34. **Sóknaráætlanir landshluta 2015-2019 - 2009344SA**

Lögð fram til kynningar greinargerð um sóknaráætlanir landshluta 2015-2019, dags. í nóvember 2020.

Fundi var slitið kl. 15:55

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Eyþór Laxdal Arnalds

Haraldur Sverrisson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Rakel Óskarsdóttir

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari

## Kristinn Jónasson

**From:** Hrefna B Jónsdóttir <hrefna@ssv.is>
**Sent:** laugardagur, 12. desember 2020 16:50
**To:** Bæjarstjóri Akranesi (saevar@akranes.is); akranes@akranes.is; Borgarbyggð sveitarstjóri; borgarbyggd@borgarbyggd.is; Linda Björk Pálsdóttir; skorradalur@skorradalur.is; Sveitarstjóri Dalabyggð; Jakob Björgvin Jakobsson (jakob@stykkisholmur.is); 'Thor Jonsson'; Björg Ágústsdóttir (bjorg@grundarfjordur.is); Helgafellssveit Hreppsnefnd; Eyja- og miklaholtshreppur (eggertk@simnet.is); Kristinn Jónasson
**Subject:** Skýrsla starfshóps um stöðu og framtíð úrgangsmála á Vesturalndi.
**Attachments:** Skýrsla.Lokaútgáfa.8.12.2020.pdf

Sæl öll
Meðfhlgjandi er upphaf inngangs að skýrslu um stöðu og stefnu úrgangsmála á Vesturlandi.
Starfshópurinn lauk störfum þann 8. desember sl.
Í viðhengi má finna skýrsluna. Sveitarstjórnir hafa hana til umsagnar fram að eigendafundi sem ekki hefur verið dagsettur. Von okkar er að geta haldið fund, sbr. eigendafundinn sem var þann 7. Sept. sl. en þá náðum við að hittast í í Borgarnesi. Eigendafundur verður ekki haldinn fyrr en á nýju ári.

# 1. Inngangur

Eigendafundur Sorpurðunar Vesturlands hf. var haldinn í Hjálmakletti í Borgarnesi
Efni fundarins var að ræða framtíðarrekstur Sorpurðunar Vesturlands hf. S
urðunarstaðarins í Fíflholtum m.t.t. breytinga á vettvangi úrgangsmála í landinu.
í breyttan farveg á næstu árum og má þar nefna breytingar á regluverki frá EU (
sem innleitt hefur verið og verður innleitt á Íslandi. Í stuttu máli var lögð fram till
samþykkt var samhljóða sem er:

**Tillaga fyrir hlutahafafund í stjórn Sorpurðunar Vesturlands hf.**

**„Hluthafafundur Sorpurðunar Vesturlands haldin 07.09 2020 samþykkir að fela Vesturlands að vinna langtímastefnu fyrir sorpmál á Vesturlandi. Stefnan nái t lengur.**

**Stefnan skal unnin í ljósi þarfagreiningar allra sveitarfélaga sem eru að Vesturlands. Þau sveitarfélög sem ekki eiga fulltrúa í stjórn fyrirtækisins tilnefn fulltrúa til samráðs til að taka þátt í stefnumótunarvinnunni með stjórn.**

**Staðfesta skal stefnuna á hluthafafundi í Sorpurðun Vesturlands, að undangen eigendum, þegar hún liggur fyrir. „**

Starfshópurinn lauk störfum þann 8. desember sl.
Í viðhengi má finna skýrsluna. Sveitarstjórnir hafa hana nú til umsagnar fram að eigendafundi sem ekki hefur verið dagsettur. Von okkar er að geta haldið fund, sbr. eigendafundinn sem var þann 7. sept. sl. en þá náðum við að hittast í í Borgarnesi. Við stefnum að eigendafundi á nýju ári.

MANNVIT

# Aðgerðaáætlun fyrir Vesturland fyrir sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs

## Niðurstöður og tillögur starfshóps Sorpurðunar Vesturlands til eigenda

Sorpurðun Vesturlands

# Innihald


1. Inngangur ... 3
2. Stefna í úrgangsmálum ... 4
   2.1 Lög nr. 55/2003 ... 4
   2.2 Frumvarp til breytingar á lögum nr. 55/2003 var kynnt 2019 (ekki framlagt 8.12.2020) ... 4
   2.3 2008/98/EC ... 5
3. Markmið ... 6
   3.1 Samkvæmt eldri svæðisáætlun ... 6
   3.2 Samkvæmt núgildandi lögum og reglugerðum ... 6
   3.3 Samkvæmt lagafrumvarpi frá 2019 ... 6
   3.4 Samkvæmt Evróputilskipunum ... 6
      3.4.1 2008/98/EC ... 6
      3.4.2 2018/850/EU viðauki við tilskipun 1999/31/EC um urðun ... 7
      3.4.3 2018/851/EU ... 7
      3.4.4 94/62/EC um umbúðaúrgang ... 8
      3.4.5 2018/852/EU um umbúðaúrgang ... 8
4. Núverandi staða á Vesturlandi ... 9
   4.1 Söfnun úrgangs ... 9
      4.1.1 Akranes ... 9
      4.1.2 Borgarbyggð ... 9
      4.1.3 Dalabyggð ... 9
      4.1.4 Eyja- og Miklaholtshreppur ... 10
      4.1.5 Grundarfjarðarbær ... 10
      4.1.6 Helgafellssveit ... 10
      4.1.7 Hvalfjarðarsveit ... 10
      4.1.8 Skorradalshreppur ... 11
      4.1.9 Snæfellsbær ... 11
      4.1.10 Stykkishólmsbær ... 11
   4.2 Móttaka og meðhöndlun úrgangs ... 12
5. Þarfir ... 13
   5.1 Akranes ... 13
   5.2 Borgarbyggð ... 13
   5.3 Dalabyggð ... 14
   5.4 Eyja- og Miklaholtshreppur ... 15
   5.5 Grundarfjarðarbær ... 16

5.6 Helgafellssveit ..... 16
5.7 Hvalfjarðarsveit ..... 17
5.8 Skorradalshreppur ..... 18
5.9 Snæfellsbær ..... 18
5.10 Stykkishólmsbær ..... 19
6. Niðurstöður og tillögur um aðgerðir ..... 20
6.1 Megin niðurstöður ..... 20
6.1.1 Staðan nú ..... 20
6.1.2 Millibilsástand ..... 20
6.1.3 Framtíðarhlutverk Sorpurðunar Vesturlands ..... 21
6.2 Tölfræði og gjaldskrármál ..... 21
6.3 Heimilisúrgangur ..... 22
6.3.1 Lífrænn úrgangur ..... 22
6.3.2 Pappír/pappi ..... 22
6.3.3 Málmar ..... 22
6.3.4 Plast ..... 22
6.3.5 Gler ..... 23
6.3.6 Klæði (textílar) ..... 23
6.3.7 Ökutækjaúrgangur ..... 23
6.3.8 Raf- og rafeindaúrgangur ..... 23
6.3.9 Skilagjaldsumbúðir ..... 23
6.3.10 Aðrar umbúðir ..... 24
6.3.11 Urðun ..... 24
6.4 Rekstrarúrgangur ..... 24
6.4.1 Byggingar- og niðurrifsúrgangur ..... 24
6.5 Landbúnaðarplast ..... 25
6.6 Dýrahræ ..... 25

MANNVIT

# 1. Inngangur

Eigendafundur Sorpurðunar Vesturlands hf. var haldinn í Hjálmakletti í Borgarnesi 7. september 2020. Efni fundarins var að ræða framtíðarrekstur Sorpurðunar Vesturlands hf. Sérstaklega reksturs urðunarstaðarins í Fíflholtum m.t.t. breytinga á vettvangi úrgangsmála í landinu. Úrgangsmál stefna í breyttan farveg á næstu árum og má þar nefna breytingar á regluverki frá EU (Evrópusambandinu) sem innleitt hefur verið og verður innleitt á Íslandi. Í stuttu máli var lögð fram tillaga á fundinum sem samþykkt var samhljóða sem er:

**Tillaga fyrir hlutahafafund í stjórn Sorpurðunar Vesturlands hf.**

**„Hluthafafundur Sorpurðunar Vesturlands haldin 07.09 2020 samþykkir að fela stjórn Sorpurðunar Vesturlands að vinna langtímastefnu fyrir sorpmál á Vesturlandi. Stefnan nái til næstu 12 ára eða lengur.**

**Stefnan skal unnin í ljósi þarfagreiningar allra sveitarfélaga sem eru aðilar að Sorpurðun Vesturlands. Þau sveitarfélög sem ekki eiga fulltrúa í stjórn fyrirtækisins tilnefna hvert um sig einn fulltrúa til samráðs til að taka þátt í stefnumótunarvinnunni með stjórn.**

**Staðfesta skal stefnuna á hluthafafundi í Sorpurðun Vesturlands, að undangenginni kynningu fyrir eigendum, þegar hún liggur fyrir. „**

Starfshópur var settur á laggirnar en í honum sátu fulltrúar allra sveitarfélaga.

| | |
|---|---|
| Kristinn Jónasson formaður stjórnar. | Snæfellsbæ |
| Karitas Jónsdóttir, stjórnarmaður | Akranesi |
| Sævar Jónsson, stjórnarmaður | Akranesi |
| Finnbogi Leifsson, stjórnarmaður | Borgarbyggð |
| Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, stjórnarmaður | Borgarbyggð |
| Eyjólfur Ingvi Bjarnason, stjórnarmaður | Dalabyggð |
| Unnur Þóra Sigurðardóttir, stjórnarmaður | Grundarfjarðbæ |
| Daníel Ottesen, skipaður í starfshóp | Hvalfjarðarsveit |
| Pétur Davíðsson, skipaður í starfshóp | Skorradalshreppur |
| Lárus Ástmar Hannesson, skipaður í starfshóp | Stykkishólmsbæ |
| Guðrún Reynisdóttir, skipuð í starfshóp | Helgafellssveit |
| Eggert Kjartansson, skipaður í starfshóp | Eyja- og Miklaholtshreppur |

Með nefndinni starfaði Hrefna B Jónsdóttir, framkvæmdastjóri, jafnframt sat Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV fundina

Ráðgjafi nefndarinnar var Teitur Gunnarsson, efnaverkfræðingur frá verkfræðistofunni Mannviti.

Nefndin hélt fimm fundi og skilaði af sér skýrslu/tillögum til eigenda félagsins þann 8. desember 2020.

# 2. Stefna í úrgangsmálum

## 2.1 Lög nr. 55/2003

Í núverandi lögum nr. 55/2003 segir í 1. grein:

„Markmið laga þessara er að tryggja að úrgangsstjórnun og meðhöndlun úrgangs fari þannig fram að:

a. ekki skapist hætta fyrir heilbrigði manna og dýra og umhverfið verði ekki fyrir skaða,

b. ekki skapist óþægindi vegna hávaða eða ólyktar,

c. ekki komi fram skaðleg áhrif á landslag eða staði sem hafa sérstakt gildi,

d. úrgangsstjórnun sé markviss og hagkvæm og úrgangur sem til fellur fái viðeigandi meðhöndlun,

e. stuðlað sé að sjálfbærri auðlindanotkun með aðgerðum og fræðslu til að draga úr myndun úrgangs,

f. nýting hráefna úr úrgangi sem fellur til sé aukin, og

g. handhafar úrgangs greiði kostnað við meðhöndlun úrgangs."

## 2.2 Frumvarp til breytingar á lögum nr. 55/2003 var kynnt 2019 (ekki framlagt 8.12.2020)

Í kynningu að frumvarpi um breytingu á lögum nr. 55/2003, sem kynnt var í lok desember 2019, er gert ráð fyrir að 1. grein breytist og hljóði svo:

„Markmið laga þessara er að ***skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis*** og að tryggja að úrgangsstjórnun og meðhöndlun úrgangs fari þannig fram að" ...

Ennfremur segir síðar í frumvarpinu: „Fyrirkomulag söfnunarinnar skal stuðla að því að markmiðum laga þessara, og reglugerða settra samkvæmt þeim, þ.m.t. töluleg markmið um endurvinnslu og endurnýtingu, verði náð í sveitarfélaginu."

Koma skal upp sérstakri söfnun á heimilisúrgangi þar sem það er nauðsynlegt til að uppfylla ákvæði 1. mgr. 11. gr. og koma í veg fyrir að úrgangur blandist öðrum úrgangi eða öðrum efniviði með aðra eiginleika. Sérstök söfnun skal vera á a.m.k. eftirfarandi úrgangstegundum: pappír, málmum, plasti, gleri, lífúrgangi, textíl og spilliefnum. Sérstök söfnun á pappír, plasti og lífúrgangi skal fara fram á sem aðgengilegastan hátt við íbúðarhús og hjá lögaðilum í þéttbýli. Söfnunin skal fara fram innan lóðar viðkomandi íbúðarhúss eða lögaðila og aldrei fjær viðkomandi byggingu en 100 metrum. Sveitarfélögum er heimilt að uppfylla skyldu til sérstakrar söfnunar á gleri, málmum og textíl með söfnun í grenndargáma, að því tilskildu að þau uppfylli skyldur sínar hvað varðar töluleg markmið um endurvinnslu og endurnýtingu. Sérstök söfnun á spilliefnum skal fara fram á söfnunarstöðvum sem hafa fengið starfsleyfi til að meðhöndla spilliefni. Sveitarfélög skulu útfæra nánara fyrirkomulag sérstakrar söfnunar í samþykkt um meðhöndlun úrgangs.

Skylt er að innheimta gjald sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu, s.s. með því að miða gjaldið við magn úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila. (Þetta merkir að ekki verður heimilt að nota núverandi kerfi sem byggir á fasteignamati/stærð fasteignar)

Lífúrgangi skal safnað sérstaklega.

## 2.3 2008/98/EC

Fyrsta markmið sérhverrar stefnu í úrgangsmálum ætti að vera að lágmarka neikvæð áhrif af myndun og meðhöndlun úrgangs á heilbrigði manna og á umhverfið. Úrgangsstefna ætti einnig að miða að því að minnka notkun hvers konar aðfanga, og miða að því að beita úrgangsþríhyrningnum til að minnka heildaráhrif úrgangsins.

Eftirfarandi forgangsröðun skal vera við val á aðgerðum í úrgangsmálum (Úrgangsþríhyrningurinn):

1. Koma í veg fyrir myndun úrgangs
2. Undirbúa úrgang fyrir endurnotkun
3. Endurvinna úrgang
4. Önnur endurheimt t.d. orkuendurnýting, framleiðsla eldsneytis, landmótun
5. Förgun

Við val á meðhöndlunarleið skal gæta þess að lágmarka heildaráhrif af meðhöndluninni, sem getur leitt til þess að ákveðnir úrgangsstraumar fari leið/ir sem víkja frá úrgangsþríhyrningnum.

# 3. Markmið

## 3.1 Samkvæmt eldri svæðisáætlun

Áður hafa verið gerðar tvær sameiginlegar svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs fyrir Suðvesturland. Að gerð þeirra hafa staðið Sorpurðun Vesturlands (SV), Sorpstöð Suðurlands (SOS), Sorpeyðingarstöð Suðurnesja (KALKA) og SORPA. Sú fyrri var samþykkt 2005 og gilti í 12 ár, en vegna mikilla breytingar á magni úrgangs og kröfum til meðhöndlunar var fljótlega ákveðið að hefja undirbúning að endurskoðun hennar. Hófst hann þegar 2006 þegar hafist var handa að kanna hvers konar meðhöndlunarleiðir kæmu til greina. Endurskoðuð svæðisáætlun kom svo út 2009 og gildir út árið 2020. Megin niðurstaða þeirrar áætlunar var sú að sorpsamlögin settu sér það markmið að hætta urðun lífræns og brennanlegs úrgangs eigi síðar en 31.12.2020.

Þetta markmið var strangara en skylt var samkvæmt lögum, sjá næstu grein.

## 3.2 Samkvæmt núgildandi lögum og reglugerðum

- Lífrænn heimilisúrgangur sem berst til urðunarstaða skuli eigi síðar en 1. júlí 2020 hafa minnkað niður í 35% af því sem hann var 1995.
- Lífrænn rekstrarúrgangur sem berst til urðunarstaða skuli eigi síðar en 1. júlí 2020 hafa minnkað niður í 35% af því sem hann var 1995.
- Koma skal í veg fyrir myndun umbúðaúrgangs og sýna hvernig minnst 50% og mest 65% af þyngd umbúðaúrgangs er endurnýttur, þar sem minnst 25% og mest 45% af þyngd allra umbúðaefna í umbúðarúrgangi er endurunnið og þar af minnst 15% af þyngd hvers umbúðaefnis fyrir sig. Þetta markmið er eiginlega komið á borð Úrvinnslusjóðs, a.m.k. er varðar pappa-, pappírs- og plastumbúðir. Sveitarfélögin þurfa að tryggja að þessar umbúðir náist sérsafnaðar til að uppfylla ákvæðin.
- Endurnotkun og endurvinnsla úr sér genginn ökutækja skal vera að lágmarki 95% og á sama tíma endurnotkun og endurvinnsla að lágmarki 85% af meðalþyngd ökutækis. Þetta verkefni er einnig á borði Úrvinnslusjóðs.
- Söfnun og meðhöndlun á raf- og rafeindatækjaúrgangs skal að jafnaði vera þannig að safnað sé a.m.k. 4 kílóum á hvern íbúa á ári af slíkum úrgangi og hann meðhöndlaður á viðeigandi hátt.

## 3.3 Samkvæmt lagafrumvarpi frá 2019

Engin ný töluleg markmið en vitnað til Evróputilskipunar 2018/851/EU

## 3.4 Samkvæmt Evróputilskipunum

### 3.4.1 2008/98/EC

- Framkvæmdastjórn ESB leggi fram, eigi síðar en í árslok 2014, tillögu að markmiðum fyrir árið 2020 um að fyrirbyggja úrgangsmyndun og aftengja sambandið milli umhverfisálags af úrgangi og magns úrgangs.
- Koma skal á sérstakri söfnun á a.m.k. pappír, málmum, plasti og gleri í síðasta lagi 2015. (Þetta má gera með grenndargámum eða gámum á gámastöðvum)
- Árið 2020 verði að lágmarki 50% alls plasts, glers, pappírs/pappa og málma sem safnað er frá heimilum og frá öðrum aðilum með sambærilegan úrgang undirbúið fyrir endurnotkun eða endurunnið.

- Að árið 2020 verði endurnotkun, endurvinnsla og önnur efnisendurvinnsla byggingar- og niðurrifsúrgangs að minnsta kosti 70% af þyngd
- Hvatt skal til sérsöfnunar lífræns úrgangs, með það að markmiði að meðhöndla hann með jarðgerð eða gasgerð, og til notkunar á umhverfislega öruggum afurðum slíkrar vinnslu.
- Framkvæmdastjórn ESB skal, eigi síðar en 31. desember 2014, leggja fram mat á markmiðin hér að framan og markmið um endurnýtingu byggingar- og niðurrifsúrgangs, með það í huga að skerpa á þessum markmiðum eða setja sambærileg markmið fyrir fleiri gerðir úrgangs sé þess þörf, að teknu tilliti til umhverfis-, efnahags- og samfélagsáhrifa markmiðanna.
- Aðildarríki skulu sjá til þess að til þess bær yfirvöld leggi fram áætlanir um aðgerðir til að draga úr myndun úrgangs og meðhöndlun hans í samræmi við reglugerðina. Slíkar áætlanir skal yfirfara eigi sjaldnar en á 6 ára fresti og endurskoða eftir þörfum.

### 3.4.2 2018/850/EU viðauki við tilskipun 1999/31/EC um urðun

Til að styrkja þá breytingu Evrópusambandsins í átt að hringrásarhagkerfi:

- Frá 2030 eru takmarkanir á urðun á sérhverjum þeim úrgangi sem hægt er að endurnota og endurvinna eða nota til orkuendurnýtingar
- Minnka urðun heimilisúrgangs niður fyrir 10% eigi síðar en 2035
- Settar eru nýjar reglur um hvernig skal fylgja eftir takmörkun urðunar og hvernig skal reikna hlutfall heimilisúrgangs til urðunar, þannig má ekki lengur telja þann hluta sem fer til brennslu sem endurunninn.
- Heimilar notkun efnahagslegra hvata og annarra leiða til að nýta úrgangsþríhyrninginn við forgangsröðun meðhöndlunar úrgangs

### 3.4.3 2018/851/EU

- Sett eru lágmarksskilyrði fyrir útvíkkaðri framleiðendaábyrgð, þar með talið ábyrgð er varðar minnkun úrgangs og hversu auðvelt er að endurnota og endurnýta vörur
- Styrkir reglur til að koma í veg fyrir úrgang, og hvernig ríki eiga að auka sjálfbærni og minnkun neyslu
- Hvetja til hönnunar, framleiðslu og notkunar á vörum sem spara efni og orku, endast vel, má gera við, hægt að endurnota og gera upp
- Beina athygli að vörum sem innihalda efni á válista til að koma í veg fyrir að þau endi sem úrgangur
- Hvetja til þess að til séu varahlutalistar, notkunarleiðbeiningar, tæknilýsingar og hvert annað sem getur auðveldað viðgerðir og endurnotkun vara án þess að slá af kröfum um gæði og öryggi
- Minnka matarsóun í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, um 50% á mann í verslunum og heimilum og minnka matarsóun við framleiðslu þeirra og dreifingu, fyrir 2030
- Hvetja til minnkunar á innihaldi hættulegra efnasambanda í efnum og vörum
- Koma í veg fyrir rusl á víðavangi og sjávarrusl hvers konar
- Að endurvinnsla heimilisúrgangs verði að lágmarki 55% af massa 2025, 60% árið 2030 og 65% árið 2035
- Koma á sérsöfnun í síðasta lagi 1. janúar 2025 á klæði (textílum) og hættulegum úrgangi sem til verða á heimilum

- Tryggja að í síðasta lagi 31. desember 2023 sé lífúrgangi safnað sér eða hann endurunninn heima (til dæmis með jarðgerð)
- Að frá 1. janúar 2027 megi ekki telja lífrænan úrgang endurunninn með jarðgerð eða gasgerð, nema honum hafi verið sérsafnað, eða honum haldið sér við uppsprettuna

### 3.4.4 94/62/EC um umbúðaúrgang

a) Eigi síðar en 5 árum eftir gildistöku tilskipunarinnar í íslensk lög skal að lágmarki 50% og að hámarki 65% af þyngd umbúðaúrgangs vera safnað.

b) Innan sömu tímamarka skal að lágmarki 25% og að hámarki 45% af þyngd umbúðaúrgangs vera endurunninn og að lágmarki 15% af hverri tegund umbúðaúrgangs.

c) Innan tíu ára frá gildistöku tilskipunarinnar skal nýjum markmiðum, sem sett verða af ráðherraráðinu innan 5 ára, vera náð

### 3.4.5 2018/852/EU um umbúðaúrgang

Í síðasta lagi 31. desember 2025, skal að minnsta kosti 65% af þyngd umbúðaúrgangs vera endurnotað og endurunnið. Markmið einstakra umbúðategunda eru:

- 50% af plasti
- 25% af timbri
- 70% af járni og stáli
- 50% af áli
- 70% af gleri
- 75% af pappír- og pappa

Í síðasta lagi 31. desember 2030, skal að minnsta kosti 70% af þyngd umbúðaúrgangs vera endurnotað og endurunnið. Markmið einstakra umbúðategunda eru:

- 55% af plasti
- 30% af timbri
- 80% af járni og stáli
- 60% af áli
- 75% af gleri
- 85% af pappír og pappa

Ríkin skulu tryggja að umbúðir sem settar eru á markað uppfylli skilyrðin sem sett eru í viðauka II í tilskipuninni:

- Takmarka þyngd og rúmmál umbúða við það allra minnsta sem hægt er að komast af með, til að uppfylla kröfur um öryggi, heilbrigði og þess sem er viðunandi fyrir vöruna og viðskiptavininn
- Lágmarka innihald hættulegra efna og íhluta í umbúðunum og íhlutum þeirra
- Að hönnun umbúða leiði til endurnotkunar og endurvinnslu þeirra, þar með talið efnisendurvinnslu og lífrænnar vinnslu ásamt orkuendurnýtingu.

# 4. Núverandi staða á Vesturlandi

## 4.1 Söfnun úrgangs

### 4.1.1 Akranes

Verktaki annast sorphirðu á Akranesi. Notað er tveggja tunnu kerfi. Græn tunna er fyrir endurvinnanlegan úrgang og grá tunna fyrir óendurvinnanlegan úrgang, sem fer til urðunar. Græntunna og grátunna eru losaðar á fjögurra viknatveggja vikna fresti allt árið.

Sveitafélagið rekur gámastöð/endurvinnslustöð, Gámu, að Höfðaseli 16, en Terra hefur umsjón með stöðinni sem verktaki bæjarins. Gámur er fyrir garðaúrgang utan við gámastöðina, opinn allt árið. Þar er tekið á móti almennu sorpi, endurvinnsluefni (málmar, fatnaður og klæði, nytjahlutir, járn, heyrúlluplast, hjólbarðar), grófum úrgangi, hreinu og lituðu timbri, spilliefnum og steinefnum.

Hvert heimili fær árlega afhent 3 $m^3$ klippikort til notkunar í gámastöðinni Gámu.

Auk þess er tekið við skilagjaldskyldum umbúðum, fatnaði og skóm hjá Fjöliðjunni, Dalbraut 10 og Nytjamarkaðurinn Búkolla tekið við fatnaði, húsgögnum og öðrum húsbúnaði til endurnotkunar.

Sveitarfélagið innheimtir sorphirðugjald og gjald fyrir meðhöndlun úrgangs af öllum eigendum íbúðarhúsnæðis, lögbýla og orlofshúsa í sveitarfélaginu. Gjaldið skal standa undir þeim kostnaði sem sveitarfélagið verður fyrir vegna þessa málaflokks.

### 4.1.2 Borgarbyggð

Verktaki annast sorphirðu í Borgarbyggð. Notað er þriggja tunnu kerfi. Brún tunna er fyrir lífrænan eldhúsúrgang, græn tunna er fyrir endurvinnanlegan úrgang, 240 L í þéttbýli og 660 L kar fyrir dreifbýli. Grá tunna fyrir óendurvinnanlegan úrgang, sem fer til urðunar. Brún tunna er losuð á tveggja vikna fresti á sumrin en á fjögurra vikna fresti yfir veturinn. Græn tunna er losuð á þriggja vikna fresti í þéttbýli og á sex vikna fresti í dreifbýli, og grátunna eru losuð á fjögurra vikna fresti allt árið. Rúlluplasti er safnað hjá bændum sex sinnum á ári og dýrahræjum og dýraleifum er safnað sérstaklega á lögbýlum. Í sumarhúsahverfum eru grenndargámar fyrir óendurvinnanlegan úrgang og í stærstu hverfunum eru einnig gámar fyrir endurvinnanlegan úrgang.

Sveitarfélagið rekur móttökustöð að Sólbakka 12. Þar er tekið á móti almennu sorpi, grófum úrgangi, hreinu og lituðu timbri, pappa og pappír, plasti, járni og málmum, garðaúrgangi, spilliefnum og steinefnum. Þarna er einnig að finna fatagám og nytjagám.

Sveitarfélagið innheimtir sorphirðugjald og gjald fyrir meðhöndlun úrgangs af öllum eigendum íbúðarhúsnæðis, lögbýla og orlofshúsa í sveitarfélaginu. Gjaldið skal standa undir þeim kostnaði sem sveitarfélagið verður fyrir vegna þessa málaflokks.

### 4.1.3 Dalabyggð

Verktaki annast sorphirðu í Dalabyggð. Sorp er hirt á fjögurra vikna fresti og eru þrjár tunnur við hvert hús með heilsársbúsetu. Þó er lífrænt sorp sótt á tveggja vikna fresti yfir sumarið.

Verktaki rekur gámastöð/endurvinnslustöð í Búðardal. Þar er tekið á móti almennu sorpi, grófum úrgangi, hreinu og lituðu timbri, pappa og pappír, plasti, járni og málmum, spilliefnum og steinefnum. Þarna er einnig að finna fatagám og nytjagám ásamt því að tekið er á móti ökutækjum til förgunar. Rúlluplasti er safnað hjá bændum á þriggja mánaða fresti, í janúar, apríl, júlí og nóvember.

Sveitarfélagið innheimtir sorphirðugjald og gjald fyrir meðhöndlun úrgangs af öllum eigendum íbúðarhúsnæðis, lögbýla og orlofshúsa í sveitarfélaginu. Gjaldið skal standa undir þeim kostnaði sem sveitarfélagið verður fyrir vegna þessa málaflokks.

### 4.1.4 Eyja- og Miklaholtshreppur

Verktaki annast sorphirðu í Eyja- og Miklaholtshreppi. Notað er tveggja tunnu kerfi. Græn tunna er fyrir endurvinnslu úrgang, pappír, pappa, smærri málmumbúðir og plastumbúðir og grá tunna fyrir almennan úrgang. Sorphirða er á fjögurra vikna fresti á vetrum en á tveggja vikna fresti á sumrin. Á sumrin eru á tveimur stöðum í sveitarfélaginu settir upp gámar fyrir timbur, járn/málma og almennt sorp. Einnig er spilliefnum og rafgeymum safnað á hverju sumri. Rúlluplasti er safnað hjá bændum þrisvar á ári.

Sveitarfélagið innheimtir ákveðna upphæð í sorphirðugjald fyrir hvert sett af tunnum (tvær tunnur) samkvæmt gjaldskrá með fasteignagjöldum í sveitarfélaginu. Gjaldið skal standa undir þeim kostnaði sem sveitarfélagið verður fyrir vegna þessa málaflokks.

### 4.1.5 Grundarfjarðarbær

Verktaki annast sorphirðu fyrir Grundarfjarðarbæ. Notað er þriggja tunnu kerfi. Brún tunna er fyrir lífrænan eldhúsúrgang, græn tunna er fyrir endurvinnanlegan úrgang og grá tunna fyrir óendurvinnanlegan úrgang, sem fer til urðunar. Brún tunna er losuð á tveggja vikna fresti á sumrin en annars á fjögurra vikna fresti á vetrum. Græn tunna og grá tunna eru losaðar á fjögurra vikna fresti allt árið. Aukalosun hefur verið á grænu tunnunni kringum jól og bæjarhátíð. Í dreifbýli er sama kerfi notað við íbúðarhúsnæði, en sumarhúsum er þjónað með gámum staðsettum á völdum stöðum.

Grundarfjarðarbær rekur gámasvæði/móttöku til endurvinnslu í Grundarfirði, en Íslenska gámafélagið hefur umsjón með stöðinni sem verktaki bæjarins. Gámur er fyrir garðaúrgang utan við gámastöðina, opinn allt árið. Á stöðinni eru gámar fyrir brotajárn, pappa, timbur og almennt sorp. Þar er ennfremur tekið á móti spilliefnum. Nytjagámur er þar einnig fyrir hluti sem fólk vill að aðrir fái tækifæri til að nýta. Í nytjagáminn fara t.d. húsgögn, reiðhjól, heimilismunir o.fl.

Á vegum flutningafyrirtækisins Ragnars og Ásgeirs ehf. er tekið á móti endurvinnanlegum dósum og flöskum, sem bera skilagjald, og flytur fyrirtækið þann úrgang til endurvinnslu í Reykjavík. Á sama stað er einnig tekið á móti fatnaði til endurnýtingar og textíl til endurvinnslu, sem flutningafyrirtækið kemur til Rauða kross Íslands, í Reykjavík.

Sveitarfélagið innheimtir sorphirðugjald og gjald fyrir eyðingu/meðhöndlun úrgangs af öllum eigendum íbúðarhúsnæðis og sumarhúsa í sveitarfélaginu. Gjaldið skal standa undir þeim kostnaði sem sveitarfélagið verður fyrir vegna þessa málaflokks. Á gámasvæði/endurvinnslumóttöku er tekið gjald af fyrirtækjum fyrir móttekinn úrgang, en íbúðareigendur fá klippikort sem veitir heimild til að koma með ákveðið magn úrgangs til endurvinnslu á ári, gjaldfrítt.

### 4.1.6 Helgafellssveit

Verktaki annast sorphirðu í Helgafellssveit. Notað er tveggja tunnu kerfi. Grátunna er losað á tveggja vikna fresti yfir sumartímann en mánaðarlega yfir vetrartímann. Sama á við um flokkunartunnuna.

Íbúar í Helgafellssveitar hafa aðgang að gámastöð Íslenska gámafélagsins í Stykkishólmi. Greitt er fyrir losun á öllum úrgangi samkvæmt gjaldskrá.

Sveitarfélagið innheimtir sorphirðugjald og gjald fyrir meðhöndlun úrgangs af öllum eigendum íbúðarhúsnæðis, lögbýla og orlofshúsa í sveitarfélaginu. Gjaldið skal standa undir þeim kostnaði sem sveitarfélagið verður fyrir vegna þessa málaflokks.

### 4.1.7 Hvalfjarðarsveit

Verktaki annast sorphirðu í Hvalfjarðarsveit. Notað er þriggja tunnu kerfi. Brún tunna er fyrir lífrænan eldhúsúrgang, græn tunna er fyrir endurvinnanlegan úrgang og grá tunna fyrir óendurvinnanlegan úrgang, sem fer til urðunar. Brún tunna er losuð á tveggja vikna fresti á sumrin en annars á fjögurra vikna fresti á vetrum. Græntunna og grátunna eru losaðar á fjögurra vikna fresti allt árið.

Grenndargámar fyrir endurvinnanlegt og óendurvinnanlegt sorp eru fyrir frístundarsvæðin, grenndargámastöð er við Melahverfi þar eru gámar fyrir endurvinnanlegt og óendurvinnanlegt sorp auk dósasöfunargáms. Verktaki annast söfnun á heyplasti í samstarfi við bændur minnst fjórum sinnum á ári.

Hvalfjarðarsveit stendur árlega fyrir hreinsunaátaki fyrir þéttbýli-dreifbýli og frístundarsvæðin í samstarfi við verktaka.

Hvert heimili fær árlega afhent 3 $m^3$ klippikort til notkunar í gámastöðinni Gámu að Höfðaseli 16 Akranesi.

Íbúar í Hvalfjarðarsveit geta losað sig við sorp á gámastöðinni Gámu, að Höfðaseli 16 á Akranesi eða Móttökustöðina við Sólbakka í Borgarnesi. Greitt er fyrir losun á öllum úrgangi samkvæmt gjaldskrá.

Sveitarfélagið innheimtir sorphirðugjald og gjald fyrir eyðingu/meðhöndlun úrgangs af öllum eigendum íbúðarhúsnæðis og sumarhúsa í sveitarfélaginu. Gjaldið skal standa undir þeim kostnaði sem sveitarfélagið verður fyrir vegna þessa málaflokks.

### 4.1.8 Skorradalshreppur

Verktaki annast sorphirðu í Skorradal. Notað er tveggja tunnu kerfi. Græn tunna er fyrir endurvinnslu úrgang, pappír, pappa, smærri málmhluti og plastumbúðir og grá tunna fyrir almennan úrgang. Græn tunna er hirt á fjögurra vikna fresti, auk aukalosunar á á milli jóla og nýárs, en grá á tveggja vikna fresti. Heyrúlluplasti er safnað fjórum sinnum á ári, í febrúar, apríl, júní og nóvember.

Sveitarfélagið innheimtir sorpgjald af öllum eigendum íbúðarhúsnæðis, lögbýla og frístundahúsa í sveitarfélaginu. Gjaldið skal standa undir þeim kostnaði sem sveitarfélagið verður fyrir vegna þessa málaflokks.

Sorpi frá frístundahúsum er safnað á átta gámastöðum sem verktaki losar minnst vikulega frá apríl til september, en 2-3 vikna fresti yfir vetrartímann. Níunda gámastöðin er fyrir söfnun frá frístundahúsum og íbúum, ásamt málm- og timburgámum og kari fyrir spilliefni. Losað er eftir þörfum.

### 4.1.9 Snæfellsbær

Verktaki annast sorphirðu í Snæfellsbæ. Notað er tveggja tunnu kerfi. Græn tunna er fyrir endurvinnslu úrgang, pappír, pappa, smærri málmumbúðir og plastumbúðir og grá tunna fyrir almennan úrgang. Lífrænum úrgangi verður safnað í „tunnu í tunnu". Sorphirða er á um það bil tveggja vikna fresti.

Íbúar í sveitarfélaginu geta losað sig við frekara sorp hjá Gámaþjónustu Vesturlands við Ennisbraut 38 í Ólafsvík.

Sveitarfélagið innheimtir sorphirðugjald og gjald fyrir meðhöndlun úrgangs af öllum eigendum íbúðarhúsnæðis, lögbýla og orlofshúsa í sveitarfélaginu. Gjaldið skal standa undir þeim kostnaði sem sveitarfélagið verður fyrir vegna þessa málaflokks.

### 4.1.10 Stykkishólmsbær

Verktaki annast sorphirðu í Stykkishólmi. Notað er þriggja tunnu kerfi. Brún tunna er fyrir lífrænan eldhúsúrgang, græn tunna er fyrir endurvinnanlegan úrgang og grá tunna fyrir óendurvinnanlegan úrgang, sem fer til urðunar. Brún tunna er losuð á tveggja vikna fresti á sumrin en annars á fjögurra vikna fresti á vetrum. Græntunna og grátunna eru losaðar á fjögurra vikna fresti allt árið.

Íslenska gámafélagið rekur gámastöð ofan við flugvöllinn. Gámar eru fyrir garðaúrgang, brotajárn og timbur ásamt gámi fyrir húsasorp. Þar er ennfremur tekið á móti spilliefnum. Nytjagámur er staðsettur við Snoppu. Gámurinn er ætlaður fyrir hluti sem fólk er hætt að nota en vill gefa öðrum tækifæri til að nýta í stað þess að henda þeim. Í nytjagáminn fara t.d. húsgögn, leikföng, föt, bækur, hjól o.s.frv. Greitt er fyrir losun á öllum úrgangi samkvæmt gjaldskrá.

Sveitarfélagið innheimtir sorphirðugjald og gjald fyrir meðhöndlun úrgangs af öllum eigendum íbúðarhúsnæðis, lögbýla og orlofshúsa í sveitarfélaginu. Gjaldið skal standa undir þeim kostnaði sem sveitarfélagið verður fyrir vegna þessa málaflokks.

## 4.2 Móttaka og meðhöndlun úrgangs

Sveitarfélög á Vesturlandi reka Sorpurðun Vesturlands hf., sem hefur þann tilgang að taka á móti, urða og farga sorpi. Félagið rekur urðunarstað að Fíflholtum á Mýrum.

Þeir sem koma með úrgang til Sorpurðunar Vesturlands að Fíflholtum greiða fyrir allan úrgang samkvæmt gjaldskrá. Tekjur af móttökugjöldum skulu standa undir rekstri Sorpurðunarinnar.

Lífrænn úrgangur, sem sérsafnað er í Stykkishólmi og í Grundarfirði, er jarðgerður í Stykkishólmi. Moltan sem myndast er nýtt til frágangs og sem yfirlag og til skógræktar.

# 5. Þarfir

## 5.1 Akranes

Akraneskaupstaður hefur ekki hafið söfnun á lífrænum úrgangi við heimili, en það er til skoðunar. Starfshópur er að störfum og hans hlutverk er meðal annars að skoða útfærslu sérsöfnunar, en stefnt er á að hefja söfnun í síðasta lagi 2022.

Akraneskaupstaður er með samning við verktaka fram til 2022. Grendargáma/djúpgáma voru keyptir síðast vor og áttu að fara niður við Fjöliðjuna en stuttu áður en framkvæmdir hófust brann húsnæðið. Því þarf að finna þeim nýjan stað.

Akranes hefur áhuga á víðtæku samstarfi um meðhöndlun úrgangs, sem ætti að geta leitt til meiri hagkvæmni og betri meðhöndlunar yfir landið í heild sinni.

Meðal þess sem rætt hefur verið í samráðsnefnd sorpsamlaganna á Suðvesturlandi eru skiptisamningar milli samlaganna. Þannig gæti SORPA hugsanlega tekið aukinn lífrænan úrgang til vinnslu í GAJA, Kalka gæti tekið úrgang sem þarf brennslu, Sorpstöð Suðurlands dýrahræ til brennslu og seyru til meðhöndlunar á Flúðum og Sorpurðun Vesturlands óvirkan úrgang til urðunar í Fíflholtum. Um þetta þyrfti að nást samkomulag áður en frekari umræða færi fram.

Mikill samdráttur í urðun virðist framundan og að eðli urðunar muni breytast í það að einungis óvirkur úrgangur verði urðaður. Talsverðum sparnaði mætti ná fram með svona skiptisamningum.

Nú er innheimt gjald af hverju heimili fyrir úrgangssöfnun og meðhöndlun. Komi til þess að breytingar verði á lögum þannig að innheimta þurfi eftir magni úrgangs þarf að þróa þá aðferð sameiginlega fyrir öll sveitarfélög.

Gert er ráð fyrir að mikil breyting verði á eðli urðunarstaða á næstunni, þegar hætt verður að urða lífrænan úrgang og brennanlegan. Við þetta verður gerbreyting til batnaðar, sér í lagi varðandi lykt og fok frá urðunarstað. Auka þarf fræðslu og dýpka skilning almennings á eðli starfsemi urðunarstaða í framhaldinu.

Stefnt er að því að fylgjast betur með skilum í flokkunartunnur og koma þeim upplýsingum til íbúa, en nauðsynlegt er að auka upplýsingaflæði og fræðslu til íbúa.

Timburgámar eru á gámastöðinni, en borið hefur á að hreina timbrið sé blandað lituðu. Hreint timbur fer í endurvinnslu hjá ELKEM á Grundartanga. Mikill vilji er hjá bænum að auka það magn sem hægt er nýta til endurvinnslu.

Vinna við sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturlandi er í gangi. Núverandi vinna á Vesturlandi beinst að því að greina þarfir sveitarfélaganna þannig að þau geti uppfyllt töluleg og dagsett markmið samkvæmt lögum og reglugerðum. Væntanlega líkur vinnu við svæðisáætlunina snemma á næsta ári. Niðurstaða þeirrar vinnu verður send sveitarfélögunum til umsagnar. Þá tekur við umhverfismat áætlana þar sem leitað verður eftir umsögnum hagsmunaaðila og almennings og að lokum fer áætlunin til sveitarfélaganna til samþykktar.

## 5.2 Borgarbyggð

Notað er þriggja tunnu kerfi. Brún tunna er fyrir lífrænan eldhúsúrgang, græn tunna er fyrir endurvinnanlegan úrgang og grá tunna fyrir óendurvinnanlegan úrgang, sem fer til urðunar. Í sumarhúsahverfum eru grenndargámar fyrir óendurvinnanlegan úrgang og í stærstu hverfunum eru einnig gámar fyrir endurvinnanlegan úrgang. Í Borgarbyggð er gildandi samningur við Íslenska gámafélagið til ársins 2022.

Komi til þess að lögleidd verði frekari sérsöfnun gerir Borgarbyggð ráð fyrir að fá tíma til að innleiða það, sem og vigtun úrgangs við tæmingu og tengingu við fasteignaeiganda.

Borgarbyggð fær ágætlega flokkaðar tölur frá verktaka um úrgang frá heimilum en ekki um magn úrgangs frá atvinnulífinu, en fleiri en einn verktaki þjónustar atvinnulífið í Borgarbyggð.

Nú þegar er söfnun á lífrænum úrgangi við heimili. Lífræni úrgangurinn fer til jarðgerðar hjá Íslenska gámafélaginu í Gufunesi og í framtíðinni á Esjumelum. Endurvinnsluefni fer blandað í grænu tunnuna og er flokkað hjá Íslenska Gámafélaginu í Gufunesi. Bifreiðar eru teknar inn á gámastöð í Borgarnesi og þar er gámur fyrir raf- og rafeindatæki. Gler fer með múrbrotum og flísum í sér gám og í landfyllingu. Endurvinnslan annast söfnun á skilagjaldsskyldum umbúðum og Rauðikrossinn er með textíl- og fatagáma á þremur stöðum í sveitarfélaginu. Tvisvar á ári (vor og haust) er málmum og timbri safnað í þar til gerða gáma í sveitarfélaginu.

Komið er með bygginga og niðurrifsúrgang flokkaðan inn á gámastöðina. Við niðurrif skal flokka á verkstað og koma efnum flokkuðum í viðurkennda farvegi. Landbúnaðarplasti er safnað sérstaklega og fer það í gegnum þjónustuaðila og Úrvinnslusjóð. Einnig er dýrahræjum safnað en þau eru urðuð í Fíflholtum. Hugsanlega verður hægt að fá þau brennd á Suðurlandi, þegar sérstakur brennslugámur fyrir dýrahræ kemst í notkun og til framtíðar litið, stór brennslustöð.

Fulltrúar Borgarbyggðar telja gott að skoða lausnir með öðrum sorpsamlögum. Mikilvægt er að vinna markmiðin, og svo svæðisáætlun, til framtíðar. Vinna að góðum lausnum sem skila okkur áfram.

Talið er æskilegt að gera átak í flokkun úrgangs hjá fyrirtækjum. Ákvæði í nýjum lögum munu að öllum líkindum gera sveitarfélögum skylt að halda einnig utan um magntölur frá fyrirtækjum.

Meðal þess sem rætt hefur verið í samráðsnefnd sorpsamlaganna á Suðvesturlandi eru skiptisamningar milli samlaganna. Þannig gæti SORPA hugsanlega tekið aukinn lífrænan úrgang til vinnslu í GAJA, Kalka gæti tekið úrgang sem þarf brennslu, Sorpstöð Suðurlands dýrahræ til brennslu og seyru til meðhöndlunar á Flúðum og Sorpurðun Vesturlands óvirkan úrgang til urðunar í Fíflholtum. Um þetta þyrfti að nást samkomulag áður en frekari umræða færi fram. Mikill samdráttur í urðun virðist framundan og að eðli urðunar muni breytast í það að einungis óvirkur úrgangur verði urðaður. Talsverðum sparnaði mætti ná fram með svona skiptisamningum. Fyrir Borgarbyggð skiptir máli hvernig úrgangur kæmi til urðunar í Fíflholtum kæmi til svona skiptisamninga og skiptar skoðanir um hvort taka ætti þátt í því yfirhöfuð.

## 5.3 Dalabyggð

Nýr þjónustuaðili við sorphirðu tekur við 1. janúar 2021. Safna á lífrænum úrgangi frá öllum heimilum í Dalabyggð. Stefnt er að því að þjónustan verði almennt komin á í apríl 2021.

Íslenska gámafélagið mun jarðgerða lífrænan úrgang fyrir Dalabyggð.

Gámastöð er í Búðardal og er hún opin (og mönnuð) þrjá daga í viku. Þriðjudaga, fimmtudaga og laugardaga. Fyrir utan opnunartíma er hægt að skila almennum úrgangi og ákveðnum flokkum, sbr. plasti, fernum og pappír, inn í litla gáma sem eru fyrir utan gámavöllinn.

Lausn fyrir sorpmál sumarhúsa er þannig að komið hefur verið upp tunnustæðum, með þremur tunnum, sem virka eins og grenndarstöð fyrir sumarhúsin. Sú aðstaða verður opin frá maí til september. Utan þess tíma verða sumarhúsaeigendur að nota þjónustu í Búðardal.

Útboð sorphirðu er nýlokið og búið að ganga frá samningi við verktaka. Verktakinn tekur við um áramót en innleiðing nýja fyrirkomulagsins mun eiga sér stað á árinu 2021.

Í samningnum eru ákvæði um gagnaskil og að möguleiki sé að breyta því komi ný ákvæði um þau í lög. Sveitarfélagið telur að komi til þess að nýjar aðferðir við gjaldfærslu verði settar í lög muni verða sameiginlega þróaðar lausnir til að koma þeim í gagnið.

- Heimilisúrgangur
    - Lífrænum úrgangi verður sérsafnað frá og með vori 2021
    - Pappír og pappa verður safnað með öðru endurvinnsluefni frá vori 2021. Komi til þess að þess verði krafist með lögum að pappír og pappi verði safnað sér án blöndunar við aðrar tegundir endurvinnsluúrgangs, þá verður bætt við pappírs/pappa tunnu.
    - Plasti verður safnað með öðrum endurvinnsluúrgangi frá og með vori 2021.
    - Málmum er safnað í málmgám á gámastöðinni í Búðardal.
    - Gleri er safnað í glergám á gámastöðinni í Búðardal.
    - Raf- og rafeindaúrgangi er safnað í gám á gámastöðinni í Búðardal.
- Rekstrarúrgangur

  Ákvæði er í samningi sveitarfélagsins við verktaka að fyrirtæki geti samið um þjónustu verktakans í sorpmálum.
    - Byggingar- og niðurrifsúrgangur – Almenningur kemur með byggingar og niður-rifsúrgang á gámastöðina í Búðardal og flokkar á staðnum. Byggingarfyrirtæki þurfa að flokka byggingar og niðurrifsúrgang á byggingarstað og skila flokkuðum úrgangi til verktaka.
    - Landbúnaðarplasti er safnað af verktaka heima á bæjum fjórum sinnum á ári
    - Dýrahræjum er safnað heima á bæjum og þeim komið í urðun í Fíflholtum. Stefnt er að því að dýrahræjum verði komið í brennslu í framtíðinni, annað hvort í til þess gerðan brennslugám á vegum Sorpstöðvar Rangárvallasýslu að Strönd eða hátæknibrennslustöð þegar/ef hún tekur til starfa.
- Umbúðaúrgangur.
    - Skilagjaldsskyldum umbúðum er safnað í gegnum kerfi Endurvinnslunnar
    - Öðrum umbúðaúrgangi er ýmist safnað með öðrum endurvinnanlegum úrgangi í söfnunarkerfi heimilisúrgangs eða með gámum á gámastöðinni í Búðardal.

## 5.4 Eyja- og Miklaholtshreppur

Í Eyja- og Miklaholtshreppi er tveggja tunnu kerfi. Grænt 600 L kar er fyrir endurvinnslu úrgang, pappír, pappa, smærri málmumbúðir og plastumbúðir og grá tunna fyrir almennan úrgang. Sorphirða er á fjögurra vikna fresti á vetrum en á tveggja vikna fresti á sumrin. Á sumrin eru á tveimur stöðum í sveitarfélaginu settir upp gámar fyrir timbur, járn/málma og almennt sorp. Einnig er spilliefnum og rafgeymum safnað á hverju sumri. Rúlluplasti er safnað hjá bændum þrisvar á ári. Sérsöfnun lífræns úrgangs er ekki hafin. Talið er að um lítið magn slíks úrgangs sé að ræða vegna hunda- og hænsnahalds í sveitinni. Verði sérsöfnun lífræns úrgangs leidd í lög væri æskilegt að flytja hann til jarðgerðar í Stykkishólmi til að lágmarka flutningsvegalengdir. Eggert Kjartansson mun kanna hvort hægt sé að semja um slíka lausn.

Í undirbúningi er að safna dýrahræjum sem síðan verða urðuð í Fíflholtum. Komi til þess að urðun dýrahræja verði hætt í Fíflholtum mun sveitarfélagið koma dýrahræjum til förgunar með sambærilegum hætti og í samstarfi við önnur sveitarfélög.

Til að íbúar og fyrirtæki hafi aðgang að sorpstöðum væri gott að gera samning við nágrannasveitarfélög að hafa aðgang að þeirra móttökustöðum fyrir sorp og geti þar með losað sig við það sem til fellur og rúmast ekki í tunnukerfinu.

## 5.5 Grundarfjarðarbær

Sérsöfnun er á lífrænum úrgangi í Grundarfjarðarbæ og líklegt að sú sérsöfnun uppfylli ákvæði sem fyrirhugað er að setja í íslenska löggjöf á næstunni, en samkvæmt Evróputilskipun á að sérsafna lífúrgangi frá 1. janúar 2024 í síðasta lagi.

Með fyrirhuguðum breytingum á lögum nr. 55/2003 verður einstökum sveitarfélögum gert skylt að ná markmiðum um endurnotkun og endurvinnslu varðandi úrgang sem til fellur innan sveitarfélagsins.

Grundarfjörður sérsafnar lífrænum úrgangi, endurvinnsluúrgangi, pappír, plasti og málmum (niðursuðurdósir o.þ.h.) og úrgangi til urðunar. Þriggja tunnu kerfið hefur verið í notkun síðan 2011. Glergámur er á gámavelli í Grundarfirði. Tekið er á móti raf- og rafeindaúrgangi á gámastöð. Engin endurvinnsla er á gleri á Íslandi í dag og allt gler ýmist brotið og notað undir vegi eða sem yfirlag á urðunarstöðum.

Tekið er á móti flokkuðum byggingar- og niðurrifsúrgangi á gámastöð í Grundarfirði. Ef slíkur úrgangur kemur óflokkaður og fer í almennt sorp er klippt á klippikort íbúa, sem minnkar möguleika þeirra á skilum á gjaldfríum úrgangi.

Grundfirðingar telja að vigtun tunna yrði flókin í framkvæmd og þyrfti mikið utanumhald. Hefð er fyrir fastri innheimtu m.v. rúmmál eða fermetra. Hugsanlega mætti innheimta söfnunar- og urðunargjöld. Með breytingum á gjaldskrá í þá átt að miða við kg frá heimili má reikna með flóknari útfærslu, afstemmingu í árslok og eftirá innheimtu.

„Umhverfisvottun Snæfellsness" er sérstakt verkefni fimm sveitarfélaga. á Snæfellsnesi, og tók við af Staðardagskrá 21, sem ekki er lengur til. Í því verkefni hefur verið haldið utan um lykiltölur í úrgangsmálum og hefur gengið ágætlega að fá magntölur frá þjónustuaðila. Hvert og eitt sveitarfélaga þarf í framtíðinni að skila sínum magntölum og halda því utan um allt sem í gegn fer. Gagnaveita UST krefst nákvæmra talna og sveitarfélögum ber að skila þeim.

Úttektir og reynsla til þessa sýna að jarðgerðin, sem meðhöndlun á lífrænum úrgangi, er fullnægjandi í þeirri mynd sem hún er í dag.

Í Grundarfirði hefur komið upp umræða, m.a. í hafnarstjórn, um að söfnun og endurvinnsla á netum sé ekki í nægilega góðu lagi. Þar sem SFS tókst að semja við Úrvinnslusjóð um að taka að sér að annast þetta, þarf að skerpa á aðkomu þeirra að málinu.

Grundfirðingar hafa áhuga á meiri samvinnu sveitarfélaga á Snæfellsnesi um úrgangsmál, t.d. hvað varðar útboð, meðhöndlun úrgangs, meðhöndlun upplýsinga og framsetningu þeirra til íbúa. Þannig mætti efna til jákvæðrar samkeppni milli sveitarfélaga til að ná betri árangri við flokkun, endurnotkun og endurvinnslu úrgangs. Ná mætti fram bæði fjárhagslegum og umhverfislegum sparnaði.

Nauðsynlegt er að ná betri árangri á næstunni í flokkun á vegum fyrirtækja. Mögulega þyrfti að gera átak í því.

Grundfirðingar telja brýnt að finna betri lausnir fyrir meðhöndlun litaðs landbúnaðarplasts og plasts frá fiskvinnslu.

## 5.6 Helgafellssveit

Helgafellssveit er með tveggja tunnu kerfi, gráa tunnu fyrir almennt sorp og græna tunnu fyrir flokkað endurvinnsluefni (pappír, pappa, plast og smáa málmhluti). Sótt er bæði heim á bæi og sumarhús

mánaðarlega yfir veturinn en á 2. vikna fresti á sumrin. Ekki er sótt yfir háveturinn í sumarhúsin. Sorpsöfnun í Helgafellssveit er framkvæmd af heimaaðilum og losað í gáma frá Íslenska Gámafélaginu á gámavelli í Stykkishólmi, en Helgafellssveit hefur tvo gáma á gámavellinum þar til afnota.

Sérsöfnun lífræns úrgangs er ekki hafin en verði af henni er líklegt að samið væri um að koma honum til jarðgerðar í Stykkishólmi. Talið er líklegt að ekki sé um verulegt magn lífræns úrgangs sem þarf meðhöndlunar utan sveitarfélagsins, þar sem sumir íbúar halda hænsni og aðrir eru með heimajarðgerð. Íbúar og sumarhúsaeigendur geta sjálfir farið með sorp á milli ferða og í stærri tiltektum í gámana sem sveitarfélagið leigir í Stykkishólmi. Einnig er Helgafellssveit með klippikort í timburgám og greiðir eftir vigt.

Helgafellssveit hefur ekki staðið fyrir sérsöfnun á málmum en Íslenska gámafélagið býður upp á að koma með gáma heim á bæi og taka við málmum. Hægt er að fara með rafgeyma og önnur spilliefni á gámastöðina.

Rúlluplasti er safnað frá bændum nokkrum sinnum yfir árið.

Það gler sem er sérsafnað fer í Ásbyrgi, vinnustað fyrir fólk með skerta starfsgetu og fötlun í Stykkishólmi. Gleri er ekki sérsafnað á vegum sveitarfélagsins.

Það sem þarf að sérsafna samkvæmt væntanlegum reglum EU er pappír og pappi, málmar, textíl og spilliefni.

Dýrahræjum er ekki safnað í sveitarfélaginu, en möguleiki gæti opnast til að brenna dýrahræjum í brennslugám fyrir dýrahræ hjá Sorpstöð Rangárvallasýslu að Strönd og hugsanlega getur Sorpurðun Vesturlands samið við þá um móttöku dýrahræja frá Vesturlandi.

## 5.7 Hvalfjarðarsveit

Með nýjum Evróputilskipunum þurfa markmið um endurnotkun og endurvinnslu að nást í hverju sveitarfélaga fyrir sig. Hvert og eitt sveitarfélaga ber ábyrgð á sínum lausnum í úrgangsmálum. Eftir 15 ár þarf urðun heimilisúrgangs að vera komin niður fyrir 10%. Forsenda þess að markmið um 10% náist er að brennsla úrgangs komi til í mun meira mæli en nú er. Frá árinu 2030 má ekki urða sérsafnaðan úrgang.

Í samningi við verktaka eru ákvæði um upplýsingaskyldu um sorpmagn og flokkun hans til sveitarfélagsins, en einhverjir hnökrar hafa verið á að þær upplýsingar skili sér með réttum hætti.

Hvalfjarðarsveit og Skorradalshreppur eru með samning við sama verktaka en samingurinn rennur út 2022. Notað er þriggja tunnu kerfi, brún tunna fyrir lífrænan úrgang, græn tunna fyrir endurvinnsluúrgang og grá tunna fyrir óendurvinnanlegan úrgang til urðunar. Lífrænn úrgangur er sóttur á tveggja vikna fresti á sumrin en á fjögurra vikna fresti á vetrum. Aukalosun er milli jóla og nýárs. Endurvinnsluúrgangur og úrgangur til urðunar eru sóttur á 42 daga fresti allt árið. Sveitarfélagið hefur í hyggju að bjóða íbúum teygjur til að setja á sorptunnulok til þess að minnka fok úr þeim og auka endingu . Lífrænn úrgangur er oft mjög lítill í sveitarfélaginu, hjá íbúum með fasta búsetu vegna hunda og hænsna í dreifbýlinu.

Í Hvalfjarðarsveit er þegar sérsöfnun á endurvinnsluefni þ.e. pappír/pappa, plasti. Sveitarfélagið þarf í næsta útboði vegna sorphirðu að huga að söfnun á málmum, gleri, spilliefnum og textílefna m.v. núverandi reglur. Þá er gámur fyrir skilagjaldsumbúðir á grenndargámastöðinni. Gler- og steinefnagámur er á gámastöðinni á Akranesi og í Borgarnesi, en íbúar hafa aðgang að báðum stöðvunum.

Söfnun á rúlluplasti er ekki á vegum Hvalfjarðarsveitar heldur eru bændur í samstarfi við verktaka sem útvegar gám á hvern bæ, sem eru losaðir fjórum sinnum á ári. Greiða bændur fyrir hverja losun.

Sveitarfélaginu vantar upplýsingar um árlegt magn af rúlluplasti sem safnað er frá bændum frá verktaka.

Hvalfjarðarsveit er að kanna þann möguleika bjóða uppá þjónustu til þess að safna dýrahræjum til urðunnar/brennslu.

Gámar eru innan stærstu frístundarsvæðanna með minnst 20 sumarhús eða fleiri fyrir flokkaðan og óflokkaðan úrgang, en ekki hefur verið farið út í sérsöfnun lífræns úrgangs frá sumarhúsum.

Hvalfjarðarsveit hefur enga yfirsýn um það magn af sorp sem fer frá fyrirtækjum í sveitarfélaginu. Fyrirtækin eru mörg og umfangsmikil.

Hvalfjarðarsveit stendur árlega fyrir hreinsunarátaki fyrir þéttbýli, dreifbýli og frístundarsvæðin yfir sumartímann.

## 5.8 Skorradalshreppur

Með nýjum Evróputilskipunum þurfa markmið um endurnotkun og endurvinnslu að nást í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Hvert og eitt sveitarfélag ber ábyrgð á sínum lausnum í úrgangsmálum. Eftir 15 ár þarf urðun heimilisúrgangs að vera komin niður fyrir 10%. Forsenda þess að markmið um 10% náist er að brennsla úrgangs komi til í mun meira mæli en nú er. Frá árinu 2030 má ekki urða sérsafnaðan úrgang.

Í samningi við verktaka eru ákvæði um upplýsingaskyldu hans til sveitarfélagsins, en einhverjir hnökrar hafa verið á að þær upplýsingar skili sér í samræmi við samningsákvæði þar um.

Verktaki annast sorphirðu í Skorradalshreppi. Notað er tveggja tunnu kerfi, græn tunna fyrir endurvinnsluúrgang og grá tunna fyrir annað heimilissorp til urðunar. Endurvinnsluúrgangur er sóttur á fjögurra vikna fresti allt árið, en aukalosun er milli jóla og nýárs. Heimilissorp í gráu tunnunni er sótt á tveggja vikna fresti. Samningar við verktaka gilda út árið 2022 og gert ráð fyrir að núverandi sveitarstjórn sjái um útboð og undirbýr samninga fyrir nýja sveitarstjórn á næsta kjörtímabili.

Í Skorradalshreppi er sérsöfnun á annars vegum málmum og hins vegar timbri á einu gámaplani sem er alltaf opið. Einnig er þar kar fyrir spilliefni. Gler- og steinefnagámur er á gámastöðinni á Akranesi og í Borgarnesi, en íbúar hafa aðgang að báðum stöðvunum.

Bændur safna saman rúlluplasti heima hjá sér sem verktakinn losar fjórum sinnum á ári.

Gámar eru á átta stöðum innan stærstu sumarhúsasvæða í Skorradalshreppi fyrir aðeins óflokkaðan úrgang (heimilissorp og fl.).

Stuðningur er í Skorradalshreppi við samræmda söfnun á öllu Vesturlandi.

## 5.9 Snæfellsbær

Í Snæfellsbæ er tveggja tunnu kerfi, græn tunna fyrir endurvinnsluúrgang, pappír, pappa, smærri málmumbúðir og plastumbúðir, og síðan grátunna fyrir almennan úrgang. Lífrænum úrgangi verður safnað í „tunnu í tunnu". Sorphirða er á um það bil tveggja vikna fresti. Æskilegt væri að sérsafnaður lífrænn úrgangur verði fluttur til jarðgerðar í Stykkishólmi til að lágmarka flutningsvegalengdir. Kristinn Jónasson mun kanna hvort hægt sé að semja um slíka lausn.

Íbúar í sveitarfélaginu geta losað sig við frekara sorp á gámastöð Gámaþjónustu Vesturlands við Ennisbraut 38 í Ólafsvík.

Dýrahræjum hefur verið safnað í Snæfellsbæ og þeim komið í urðun í Fíflholtum. Þar sem sveitarfélagið er á hreinu svæði hefur þetta ekki verið vandamál. Komi til þess að hætt verði að urða dýrahræ í Fíflholtum væri æskilegt að flytja þau til brennslu, að Strönd ef þar verður komið upp brennslugámi eða í hátæknibrennslustöð verði hún byggð á Suðvesturhorni landsins.

## 5.10 Stykkishólmsbær

Sérsöfnun er á lífrænum úrgangi í Stykkishólmi og líklegt að sú sérsöfnun uppfylli ákvæði sem fyrirhugað er að setja í íslenska löggjöf á næstunni, en samkvæmt Evróputilskipun á að sérsafna lífúrgangi frá 1. janúar 2024 í síðasta lagi.

Með fyrirhuguðum breytingum á lögum nr. 55/2003 verður einstökum sveitarfélögum gert skylt ná markmiðum um endurnotkun og endurvinnslu varðandi úrgang sem til fellur innan sveitarfélagsins.

Stykkishólmur sérsafnar lífrænum úrgangi, endurvinnsluúrgangi, pappír, plasti og málmum (niðursuðurdósir o.þ.h.) og úrgangi til urðunar. Þriggja tunnu kerfið hefur verið í notkun síðan 2008. Gleri er safnað af vinnustað fatlaðra í Ásbyrgi, sem er í Stykkishólmi. Tekið er á móti raf- og rafeindaúrgangi á gámastöð.

Engin endurvinnsla er á gleri á Íslandi í dag og allt gler ýmist brotið og notað undir vegi eða sem yfirlag á urðunarstöðum.

Tekið er á móti bygginga- og niðurrifsúrgangi á Haugum, þar sem tekið er við óvirkum úrgangi, í Stykkishólmi. Flokkað er í gámana við móttöku á gámastöð í Stykkishólmi.

Í Stykkishólmi, eins og í Grundarfirði, er talið að vigtun tunna yrði flókin í framkvæmd og þyrfti mikið utanumhald. Hefð er fyrir fastri innheimtu m.v. rúmmál eða fermetra. Hugsanlega mætti innheimta söfnunar og urðunargjöld. Með breytingum á gjaldskrá í þá átt að miða við kg frá heimili má reikna með flóknari útfærslu, afstemmingu í árslok og eftirá innheimtu.

Verið er að undirbúa vigtun inn á gámastöð, en það hefur ekki verið til þessa. Magn umfram ákveðið lágmark þyrfti þá að greiðast aukalega t.d. ef einhver kemur með ,,kerru af rusli". Stykkishólmur er í góðri stöðu varðandi fyrirhugaðar breytingar, en enn er verið að þróa lausnir áfram og gengur það vel.

Stykkishólmi hefur ekki tekist að fá upplýsingar um magn úrgangs frá atvinnulífinu frá verktaka/verktökum. Gagnaveita UST krefst nákvæmra talna og sveitarfélögum ber að skila þeim.

Í undirbúningi er að lífrænn úrgangur frá Dalabyggð komi til Stykkishólms til jarðgerðar. Nýlega hefur komið úttektaraðili frá Umhverfisstofnun og skoðaði vinnsluna í Hólminum og gerði ekki athugasemdir. Hrossaskítur er mikið notaður sem stoðefni í vinnslunni. Lykt kemur þegar múgunum er snúið. Stoðefni fást innan bæjarins, en til viðbótar kemur timburflís frá höfuðborgarsvæðinu, þegar flokkaður úrgangur er fluttur suður. Áhugi er fyrir því í Snæfellsbæ og í Eyja- og Miklaholtshreppi að jarðgerða lífrænan úrgang frá þessum sveitarfélögum í Stykkishólmi einnig, náist um það samkomulag.

Afurðin er notuð í landmótun og til trjáræktar, en hentar síður í fínni beðum. Lokaafurðin er gróf og æskilegt að kurla timbrið betur. Áhugi er á að vinna moltuna meira, en gert er í dag. Með meiri framleiðslu aukast líkur á að hægt sé að gera það, hugsanlega í samstarfi við Ásbyrgi, vinnustað fatlaðra í Stykkishólmi.

Úttektir og reynsla til þessa sýna að jarðgerðin, sem meðhöndlun á lífrænum úrgangi, er fullnægjandi í þeirri mynd sem hún er í dag.

Eins og í Grundfirði er áhugi í Stykkishólmi á meiri samvinnu sveitarfélaga á Snæfellsnesi um úrgangsmál, t.d. hvað varðar útboð, meðhöndlun úrgangs, meðhöndlun upplýsinga og framsetningu þeirra til íbúa. Tilgangurinn væri að ná fram bæði fjárhagslegum og umhverfislegum sparnaði.

Fram hefur komið að hlutfall úrgangs í lífrænu tunnunni hefur verið frá upphafi um 33-34%. Í endurvinnslutunnunni var sambærilegt hlutfall en þegar hætt var að bera út fríblöð í bænum minnkaði þetta hlutfall niður í 24%. Hlutfall til urðunar hefur því vaxið að sama skapi.

# 6. Niðurstöður og tillögur um aðgerðir

## 6.1 Megin niðurstöður

### 6.1.1 Staðan nú

Staðan á Vesturlandi er að mörgu leyti góð. Fjögur sveitarfélög sérsafna lífrænum úrgangi (Borgarbyggð, Grundarfjörður, Hvalfjarðarsveit og Stykkishólmur), eitt hefur samið við verktaka um sérsöfnun sem er að hefjast (Dalabyggð), tvö sveitarfélög eru að undirbúa sérsöfnun (Akranes og Snæfellsbær). Helgafellssveit, Eyja- og Miklaholtshreppur og Skorradalshreppur eiga eftir að taka ákvörðun um sérsöfnun. Öll sveitarfélögin sérsafna endurvinnsluúrgangi saman í tunnu. Miðað við núverandi lagaumhverfi er staðan fullnægjandi.

Stefnan skv. síðustu svæðisáætlun var að hætta urðun lífræns og brennanlegs úrgangs eigi síðar en á árinu 2020.

- Þessu markmiði verður ekki náð.
- Stuðningur er við að halda áfram í þessa átt
- Ef vel tekst til hættir lyktin að plaga nágranna urðunarstaðarins þegar hætt verður að urða lífræna úrganginn og fokið hættir þegar hætt verður að urða brennanlega úrganginn

Til að úrgangur teljist óvirkur þarf lífræni hluti hans að vera minni en 6%. Til að ná því þarf að öllum líkindum að brenna hluta þess úrgangs sem nú fer í urðun. Til þess vantar innviði.

Þar sem staðan varðandi hlutfall urðunar er best t.d. í Stykkishólmi er um 40% að fara í urðun, annars staðar hærra hlutfall. Þessu þarf að ná niður fyrir 10% fyrir 2030.

### 6.1.2 Millibilsástand

Næstu árin mun koma upp millibilsástand þar sem skortur verður á brennslurými á landinu. Á höfuðborgarsvæðinu eru uppi áætlanir um að flytja úrgang til brennslu erlendis þar til brennsla er komin í gang hér á landi. Á Vesturlandi er möguleiki á að urða tímabundið meðan verið er að undirbúa brennslustöð hér á landi. Það merkir áframhaldandi söfnun og brennslu hauggass í Fíflholtum, þó hlutfall lífræns úrgangs muni minnka mikið. Kostnaður sveitarfélaganna verður umtalsvert lægri með þessari lausn en ef gripið verður til útflutnings, sem áætlað er að kosti a.m.k. 40 kr pr. kg.

Helstu leiðir til að leysa þetta eru:

- Að byggja brennslustöð fyrir Vesturland, sem er líklega óraunhæft vegna kostnaðar
- Að flytja brennanlega úrganginn (sem ekki hentar í endurnotkun og endurvinnslu) til útlanda til brennslu. Það er kostnaðarsamt, en auk þess er að af þeim þremur löndum í nágrenni okkar sem hafa tekið við úrgangi til brennslu (mest frá Bretlandi) hafa Hollendingar hætt því alfarið, Danir hafa ákveðið að hætta því fyrir 2030, og Svíar gætu tekið sambærilega ákvörðun innan fárra ára
- Að byggja stóra fullkomna brennslustöð fyrir allt Suðvesturhornið eða jafnvel allt landið

Innan starfshóps sveitarfélaganna á Vesturlandi er vilji til að taka þátt í undirbúningi að stórri brennslustöð fyrir allt Suðvesturhorn landsins og jafnvel allt landið. Undirbúningur fyrir slíkt er að hefjast og vonir standa til að samstaða takist um að allir helstu hagsmunaaðilar fáist til samstarfs, enda er um stórt verkefni að ræða sem mun taka nokkur ár hið minnsta. Meðal þess sem ákveða þarf er hvar slík stöð yrði staðsett, annað hvort nálægt þungamiðju úrgangs eða þar sem mögulega mætti nýta varmann til heitvatnsframleiðslu.

Á samráðsvettvangi sorpsamlaganna á SV-horni landsins, þar sem formaður og framkvæmdastjóri SV eiga sæti, hefur verið tekið mjög jákvætt í stofnun starfshóps um skoðun á fýsileika brennslu, hérlendis eða útflutningi. Samþykkt var á eigendavettvangi SORPU bs. „**Þá er þess óskað af hálfu eigenda að stjórn SORPU bs taki til skoðunar að hefja könnunarviðræður við hagsmunaaðila um möguleika á stofnun undirbúningsfélags fyrir uppbyggingu varanlegra lausna fyrir meðhöndlun úrgangs sem þjóna muni höfuðborgarsvæði og jafnvel öðrum landshlutum til framtíðar.**

Í þessari bókun er verið að víðra málið við fleiri landshluta. Stuðningur er meðal sveitarfélaga á Vesturlandi að taka þátt í slíkri skoðun.

Þá er stuðningur við að Sorpurðun Vesturlands gangist fyrir auknu samstarfi sorpsamlaganna með gerð skiptisamninga milli sorpsamlaga til að ná fram aukinni hagkvæmni í meðhöndlun úrgangs þannig að hvert samlag annist meðhöndlun úrgangs sem það hefur aðstöðu til, einnig fyrir önnur samlög svo sem gæti brennsla dýrahræja farið fram á Suðurlandi, þar sem Sorpstöð Suðurlands er að koma sér upp brennslugámi á Strönd, vinnsla seyru á Flúðum, lífrænn úrgangur unninn í GAJA, útflutningur til brennslu og eða brennsla hjá Sorpeyðingu Suðurnesja í Kölku í Helguvík þangað til ný stór brennslustöð tekur við, urðun óvirks úrgangs í Fíflholtum og að Strönd. Forsenda þess að Sorpurðun Vesturlands geti tekið þátt í skiptisamningum við aðra landshluta er að staðurinn sé/verði rekstrarhæfur.

### 6.1.3 Framtíðarhlutverk Sorpurðunar Vesturlands

Lagt er til að helstu hlutverk Sorpurðunar Vesturlands í framtíðinni verði:

a) Að reka urðunarstaðinn í Fíflholtum. Með síminnkandi urðun úrgangs frá heimilum og fyrirtækjum á Vesturlandi gæti fjárhagur urðunarstaðarins versnað verulega ef ekki verður gripið til aðgerða. Þar gætu skiptisamningar komið til, það að SV taki að sér að urða óvirkan úrgang frá öðrum samlögum sem í staðinn tækju aðra flokka úrgangs til meðhöndlunar í staðinn

b) Að gera skiptisamninga við önnur sorpsamlög um meðhöndlun úrgangs frá sveitarfélögum á Vesturlandi og að hafa umsjón með framkvæmd þeirra samninga

c) Að taka þátt í undirbúningi stórrar brennslustöðvar f.h. sveitarfélaga á Vesturlandi

d) Að veita ráðgjöf til sveitarfélög á Vesturlandi við þróun nýrra leiða við endurnotkun og endurvinnslu og aðra meðhöndlun úrgangs með aðstoð ráðgjafa og atvinnulífs eftir því sem tilefni er til

e) Að annast samskipti og samráð við önnur sorpsamlög með það fyrir augum að ná fram hagræðingu í meðhöndlun úrgangs og samræmingu í flokkun hans

f) Hvað annað sem sveitarfélögin á Vesturlandi fela stjórn félagsins að annast

## 6.2 Tölfræði og gjaldskrármál

Búist er við lagabreytingum á næstunni sem mun krefjast breytinga á gjaldtöku fyrir sorphirðu og meðhöndlun. Jafnframt munu kröfur aukast til sveitarfélaga varðandi eftirlit með að markmiðum í úrgangsmálmum verði náð í einstökum sveitarfélögum.

Til að bregðast við þessu er lagt til að sveitarfélögin á Vesturlandi leiti samvinnu við Sorpurðun Vesturlands, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og verktaka við að leysa þetta verkefni. Búið verði til hugbúnaðarkerfi til að halda utan um magnmælingar og tengingar við fasteign, gjaldskrá og innheimtu og tölfræði markmiða einstakra flokka.

## 6.3 Heimilisúrgangur

### 6.3.1 Lífrænn úrgangur

Fjögur sveitarfélög sérsafna lífrænum úrgangi (Borgarbyggð, Grundarfjörður, Hvalfjarðarsveit og Stykkishólmur), eitt hefur samið við verktaka um sérsöfnun sem er að hefjast (Dalabyggð), tvö sveitarfélög eru að undirbúa sérsöfnun (Akranes og Snæfellsbær). Helgafellssveit, Eyja- og Miklaholtshreppur og Skorradalshreppur eiga eftir að taka ákvörðun um sérsöfnun.

Í þeim sveitarfélögum sem ekki sérsafna lífrænum úrgangi verður tekin upp sérsöfnun frá heimilum og fyrirtækjum eigi síðar en 1. janúar 2024, eða fyrr ef lög munu kveða á um það.

Gerð er tillaga um eftirfarandi aðgerðir:

a) Lífrænn úrgangur verður jarðgerður í einstökum sveitarfélögum, fleiri en eitt sveitarfélag munu hugsanlega vinna saman til að ná fram hagræðingu. Dæmi: Stykkishólmur og Grundarfjörður

b) Lífrænn úrgangur verður gas- og jarðgerður í GAJA samkvæmt skiptisamningi við SORPU

### 6.3.2 Pappír/pappi

Pappír og pappa er nú safnað frá heimilum með endurvinnslutunnum, með plasti og smáum málmhlutum og með gámum á gámastöðvum. Verði ákvæði sett í lög um að pappír/pappi verði safnað sér í tunnu þarf að fjölga tunnum.

Gert er ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi a.m.k. til að byrja með.

Með núverandi fyrirkomulagi eignast verktakar pappír og pappa sem er flokkaður úr endurvinnslutunnu og koma honum í endurvinnslu með framlagi frá Úrvinnslusjóði. Verktaki mun þurfa að afhenda sveitarfélagi vottorð um að þessi úrgangur frá sveitarfélaginu hafi farið í endurvinnslu.

### 6.3.3 Málmar

Málmum er nú safnað frá heimilum með endurvinnslutunnum ásamt pappír og pappa og hreinu plasti, og með gámum á gámastöðvum. Verði ákvæði sett í lög um að málmar verði sér í tunnu þarf að breyta kerfinu og fjölga tunnum, eða setja innlegg í endurvinnslutunnur.

Gert er ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi a.m.k. til að byrja með.

